

Dalabyggð  
Miðbraut 11  
370 Búðardalur

Reykjavík, 9. mars 2021

Tilvísun: 202009046 / 3.9

---

## Efni: Umsögn um framkomnar athugasemdir við auglýsta tillögu að viðauka við Landsskipulagsstefnu 2015–2026

---

Tillaga Skipulagsstofnunar að viðauka við landsskipulagsstefnu hefur nú verið afhent umhverfis- og auðlindaráðherra. Tillagan ásamt umhverfismati var kynnt opinberlega á tímabilinu 13. nóvember 2020 til 8. janúar 2021 og var jafnframt send til umsagnar sveitarfélaga, hlutaðeigandi opinberra aðila og hagsmunasamtaka, sbr. 6. mgr. 11. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagsstofnun bárust á fimmta tug umsagna sem hafðar voru til hliðsjónar við lokavinnslu tillögunnar og má nálgast umsagnirnar [hér](#). Stofnunin færir öllum þeim sem sendu umsagnir og athugasemdir þakkir fyrir sitt framlag, en um er að ræða mikilvægan þátt í mótun landsskipulagsstefnu.

Skipulagsstofnun hefur tekið saman umsögn um þær athugasemdir sem stofnuninni bárust við auglýsta tillögu, sbr. 7. mgr. 11. gr. skipulagslaga. Þar er að finna samantekt á helstu efnisatriðum athugasemda ásamt upplýsingum um úrvinnslu Skipulagsstofnunar. Umsögn Skipulagsstofnunar er að finna [hér](#).

Nálgast má tillögu Skipulagsstofnunar að viðauka við Landsskipulagsstefnu 2015–2026 ásamt fylgiskjöllum tillögunnar á vefsvæði landsskipulagsstefnu, [www.landsskipulag.is](http://www.landsskipulag.is).



---

Hrafnhildur Bragadóttir